

AUGLÝSING

um staðfestingu á svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Aðaldælahreppur, Norðurþing, Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 16. janúar 2008 staðfest svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, er tekur til fjögurra sveitarfélaga, Aðaldælahrepps, Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum samþykkti svæðisskipulagið þann 8. nóvember 2007. Í svæðisskipulaginu er mótuð stefna um nýtingar- og verndaráætlun fyrir háhitasvæðin á Norðausturlandi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 svo og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Hefur Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Svæðisskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. janúar 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2008